

Nd. **395. Frumvarp til laga** [178. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 393 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.